

BERGPÓRA GUÐJÓNSDÓTTIR

ÞRÓTTUR – NÁM FYRIR STARFSFÓLK ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA

Aukin fagþekking – styrkari staða

Þróttur er námsleið ætluð til að styrkja starfsfólk íþróttamannvirkja í starfi, auka faglega þekkingu þess og bæta verkferla. Miðað er að því að mæta síauknum kröfum sem gerðar eru til þessa hóps hvað varðar móttöku ólíkra hópa viðskiptavina, allt frá skólabörnum, til ferðamanna, eldri borgara og fólks með ólíkar fatlanir sem allir sækja þjónustu íþróttamannvirkja. Þá er vonast til að aukin fagþekking skili sér í bættum vinnubrag og starfsánægju, geri starfsmönnum fært að þróa starfshæfni sína og þjónustu enn frekar ásamt því að draga úr starfsmannaveltu. Námið á einnig að gefa innsýn í vaxandi möguleika afþreyingariðnaðarins og mikilvægi frístunda í lífi borgaranna og ræða hvernig efla megi þá þjónustu enn frekar til almannaheilla.



Bergþóra Guðjónsdóttir

GRUNNURINN SKIPTIR ÖLLU

Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu, hafði frumkvæði að gerð námsleiðar fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja í samstarfi við stjórnendur Akureyrarbæjar árið 2010.

Fræðslusetrið Starfsmennt var fengið til að halda utan um námshönnunina og var ákveðið að byrja á greiningarvinnu með stjórnendum og almennu starfsfólki íþróttamannvirkja á svæðinu til þess að skoða hverjar fræðsluþarfir hópsins væru og þróa grunn að námskrá upp úr því. Í fæstum tilfellum er gerð krafa um menntun þegar ráðið er í störf við íþróttamannvirki og eru flestir starfsmenn því með stutta formlega skólagöngu að baki.

Formleg vinna hófst svo árið 2011 með því að kanna jarðveginn hjá bæjarfélögum um mikilvægi náms af þessu tagi. Meginverkefni voru skilgreind og að hausti sama ár hófst undirbúningsvinna og þarfagreining af fullum krafti. Fundað var með stjórnendum allra íþróttamannvirkja á Akureyri, sundlauga, íþróttahúsa, og skíðasvæðis, auk fulltrúa frá bæjarskrifstofum og rætt um þörf slíkrar námsleiðar, mögulegt fyrirkomulag og áhersluþætti. Unnið var námið með starfsfólki Akureyrarbæjar og Kjalar, stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu en Starfsmannafélag Reykjavíkur og Akraness komu einnig að þessari vinnu.

Síðar sama ár voru rýnihópafundir haldnir með þátttöku starfsfólks víðs vegar af Norðurlandi, sex starfsmönnum íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar og fimm fulltrúum íþróttamannvirkja á Sauðárkróki, Ólafsfirði, Dalvík, Borgarnesi og

Siglufirði. Í hópunum voru jafn margir fulltrúar starfsmanna og stjórnenda enda afar mikilvægt að sjónarmið og áherslur beggja hópa kæmu fram við þessa vinnu.

150 STUNDIR – 24 NÁMSKEIÐ

Afurd verkefnisins, 150 stunda námskrá með 24 sjálfstæðum námskeiðum sem taka á ólíkum þáttum starfsins, lá svo fyrir í lok árs 2011.

Náminu er skipt upp í fjórar lotur sem endurspeglar þær áherslur sem fram komu í greiningarferlinu. Fyrsta lotan *Samskipti og sjálfstyrking* tekur á samskiptum, bæði innan vinnustaðar og við viðskiptavini á fjölbreyttan hátt, ásamt því að vinna að bættu sjálfstrausti og -öryggi starfsmanna. Meðal þess sem fjallað er um er mikilvægi liðsheildar, góðrar þjónustu og umburðarlyndis gagnvart ólíkum gestum og samstarfsmönnum.

Í annarri lotu, *Samskipti við skóla*, er fjallað um þá snertifleti sem eru á samstarfi íþróttamannvirkjanna við grunnskóla en í mörgum tilfellum sækja nemendur íþróttatíma og ýmsa afþreyingu til þeirra. Í greiningarvinnunni kom í ljós að starfsmenn töldu talsvert vanta upp á þekkingu í samskiptum við nemendur og skýrara verklag í samskiptum við grunnskóla. Meðal þess sem farið er yfir er hvar mörkin liggja í samskiptunum, þ.e. hvað er á ábyrgð kennara/skóla og hvað á ábyrgð starfsmanna íþróttamannvirkja. Einnig var sett inn fræðsla um

agastjórnun og hvernig þekkja megi einkenni ólíkra greininga ásamt því að fjalla um birtingarmyndir eineltis svo starfsmenn gætu af öryggi stigið inn í ef þeir teldu þess þörf.

Þriðja lotan *Starfið og starfsumhverfið* snýr meira að vinnustaðnum sjálfum þó einhver skörun sé við umfjöllunar-efni fyrstu lotu. Hérna er til dæmis farið yfir áhrif vaktavinnu, fjallað um sérstöðu íþróttamannvirkja og tengingu við afþreyingar- og ferðapjónustu en hátt hlutfall erlendra og innlendra ferðamenn sækja sundlaugar landsins heim á hverju ári. Í þessari lotu eru einnig námskeið sem snúa að skipulagi starfsins.

Í fjórðu lotu eru svo *Önnur námskeið* sem mikilvægt var að hafa með en áttu ekki heima í hinum lotunum þremur. Þarna má m.a. nefna veðurfræði enda bæði sundlaugar og skíðasvæði oft háð duttlungum veðurguðanna og því getur komið sér vel að hafa skilning á veðurkortum og spám. Þarna er einnig tölvufræðsla sem og erlend tungumál sem skipta stöðugt meira máli með fjölgun ferðamanna.

Samskipti og sjálfsstyrking

- Sjálfsstyrking og starfsánægja
- Að efla liðsheild og hópavinnu
- Ég og sveitarfélagið – Ímyndarnámskeið
- Þjónustustjórnun
- Að eiga við erfiða gesti
- Að takast á við breytingar
- Einelti á vinnustað
- Fjölmennig og siðir

Samskipti við skóla

- Samskipti við skóla – Hvar liggja mörkin?
- Agastjórnun – Frávik, greiningar og sérþarfir
- Samskipti við ólíka hópa: börn, unglinga, aldraða og fatlaða
- Einelti í skólum

Starfið og starfsumhverfið

- Vinnuumhverfi – Starfsleiði og áhrif vaktavinnu
- Ábyrgð og sérstaða starfsins
- Tímastjórnun og forgangsroðun
- Viðburðastjórnun – Námskeið fyrir stjórnendur
- Öryggi og áföll – Viðbrögð við áföllum á vinnustað
- Frístundir og afþreying
-

Önnur námskeið

- Veðurfræði – Örnámskeið
- Tungumál – Enska fyrir atvinnulífið, talmál
- Hreinsitækni – Snýrtilegt umhverfi og ræsting – Meðhöndlun efna
- Tölvur og tölvuvinnsla
- Sjálfsvörn – Grunnatriði í líkamlegri sjálfsvörn

Þar sem þarfir hvers stofnunar fyrir sig geta verið ólíkar er gert ráð fyrir að námskeiðin séu sniðin að þeim þegar þess er þörf. Þá er sérstaklega átt við verkleg námskeið sem snúa að verkferlum og verkefnum innan hvers vinnustaðar, s.s. hreinsitækni. Námskeiðið Samskipti við skóla – Hvar liggja mörkin? er einnig þess eðlis að mikilvægt er að vinna með samstarfsstofnunum, þeim grunnskólum sem senda nemendur til íþróttamannvirkjanna hverju sinni ef það á að skila tilætluðum árangri.

FYRSTA RENNSLI LOKIÐ Á AKUREYRI

Eftir að námskrá lá fyrir ákvað Akureyrarbær að Þróttur yrði hluti af símenntunaráætlun þeirra starfsmanna sem starfa innan íþróttamannvirkja bæjarins, íþróttahúsa, sundlauga og skíðasvæða. Kennsla hófst vorið 2012 og lauk fyrsta rennsli námskrárinnar í upphafi árs 2017.

Til þess að fylgjast með framgangi verkefnisins hafa reglulega verið haldnir stöðufundir með stýrihópi sem var skipaður í upphafi af stjórnendum og almennum starfsmönnum íþróttamannvirkja, ásamt fulltrúum frá Akureyrarbæ, Kili, stéttarfélagi og Fræðslusetrinu Starfsmennt. Niðurstöður þeirra funda hafa verið jákvæðar, starfsmenn almennt ánægðir með innihald og framsetningu námskeiða og stjórnendur talið þau nýtast fólki beint í starfi og því ekki verið talin þörf á að breyta framsetningu námskrárinnar.

Sérstök ánægja hefur verið með þau námskeið sem lúta að samskiptum við grunnskólana enda var það ljóst strax við þarfagreiningu að þar væri mikil þörf á fræðslu, skýrari verkferlum og samskiptum milli stofnana. Eins var mikil ánægja með sjálfsvarnarnámskeið og starfsmenn lýstu því að þeir teldu sig mun öruggari í starfi en áður en í rýnihópum kom fram að fólk upplifði sig oft berskjaldað gegn gestum sem geta verið ofbeldisfullir og jafnvel undir áhrifum áfengis og lyfja. Þá hafa þátttakendur verið beðnir að fylla út kennslumat á vef Starfsmenntar í lok hvers námskeiðs og hafa niðurstöður þess verið með svipuðu sniði.

Það er því ljóst að mikilvægt er að nálgast fræðsluna og starfið frá ólíkum hliðum þess og huga að mörgu fleiru en í fyrstu blasir við.

MIKILL ÁHUGI VÍÐA UM LAND

Allt frá upphafi hefur Starfsmennt fundið fyrir miklum áhuga hjá bæjarfélögum í kringum landið að setja þrótt upp fyrir sitt starfsfólk. Það eru þó aðeins tvö sveitarfélög sem hafa lagt af stað í þá vegferð. Borgarfjörður hefur tekið hluta námskeiða til kennslu á síðustu árum og Kópavogsbær hóf að keyra námskrána í gegn með sínu starfsfólki haustið 2016. Námsleiðin er langt komin þar en ákveðið var að keyra efnið mun hraðar en gert var fyrir norðan.

Helsta fyrirstaða þess að fleiri sveitarfélög hafi hafist handa virðist vera fámennið á hverjum stað. Í smærri bæjarfélögunum eru ekki nema örfáir starfsmenn sem sinna þessum störfum og því erfitt að halda úti námskeiðum. Oft hefur verið rætt um að sveitarfélög taki sig saman og vonandi verður það raunin á næstu misserum svo fleiri geti nýtt sér námið. Á næstu misserum hyggst Starfsmennt einnig möguleikann á því að fá námskrá þróttar vottaða af Menntamálastofnun.

UM HÖFUNDINN

Bergþóra Guðjónsdóttir er verkefnastjóri hjá Fræðslu-
setrinu Starfsmennt.